

Laugardaginn 10. apríl 1954.

Nr. 116/1953. **Dánarþú Guðfinnu Finnsdóttur, Jón Erlendsson, Guðrún Erlendsdóttir og Unnur Erlendsdóttir** (Jón N. Sigurðsson)
 gegn
Aroni Guðbrandssyni (sjálfur)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um eignarrétt að vegi o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ásamt samdómandanum Guðmanni Magnússyni.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1953, krefjast *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. *Til vara* krefjast aðaláfrýjendur þess, verði gagnáfrýjanda dæmt heimilt að girða veginn af, að honum verði gert að hafa tvö hlið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliði við þjóðveg, eitt hlið til norðurs frá veginum 110 metra frá aðalhliði við þjóðveg og loks eitt hlið til suðurs 150 metra frá þjóðvegahliði, enda séu fyrirtöldu tvö hliðin og síðastalda hliðið 7 metra breið. Svo krefjast þeir og, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. ágúst 1953. Krefst hann þess, að vegurinn sé einkaeign hans og honum verði dæmt heimilt að girða veginn af með gaddavír svo og bifreiðastæði við efri vegarendann upp við sumarbústaðinn, ef hann telji þess þörf, enda setji hann hlið á girðinguna, þar sem ábúandi Mógilsár hefur nú sett brýr yfir vegarskurðinn. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi aðaláfrýjanda er nú viðurkennt, að gagnáfrýjanda sé heimilt að hafa veginn þar, sem hann nú er. Telja

verður, að vegarmannvirkið sé einkaeign gagnáfrýjanda, svo sem sagt er í héraðsdómi.

Í bréfi þeirra umboðsmanns aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda til Hæstaréttar, dags. 5. febrúar 1954, er frá því skýrt, að þeir hafi mælt hluta af veginum, sem talinn er um 350 metra langur, og sé lengd skurða meðfram veginum frá hliði við þjóðveginn 126 metrar. Breidd vegarins sé 4 metrar milli jaðra, en 5,60 metrar milli innri brúna á skurðum og 7,70 metrar milli ytri brúna.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 24/1952 er gagnáfrýjanda heimilt að setja fram með veginum girðingu, sem rétt er, að sé úr sléttum vír, og standi einn metra frá vegarjaðri og þrjá metra frá vegarmiðju, þar sem skurðir eru ekki fram með veginum, en einn metra frá ytri brún vegarskurða á 126 metra vegarlengd frá hliði við þjóðveginn. Heimild gagnáfrýjanda til að girða er því skilyrði bundin, að hann bæti aðaláfrýjendum þau spjöll á landsnyttjum, sem girðingin kann að hafa í för með sér, annaðhvort eftir samkomulagi eða mati.

Krafa gagnáfrýjanda um heimild til að afgirða bifreiðastæði hefur ekki verið dæmd í héraði, og ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Í nefndu bréfi frá 5. febrúar 1954 lýstu þeir umboðsmaður aðaláfrýjanda og gagnáfrýjandi því, að þeir hefðu orðið á það sáttir, að hlið á girðingu, ef gagnáfrýjanda yrði dæmt heimilt að setja hana, skuli vera 30 metra frá hliði við þjóðveg. Aðaláfrýjendur hafa síðar vefengt, að umboðsmaður þeirra hafi haft heimild af þeirra hendi til þessa samkomulags, og krafist fjögurra hliða á girðingunni, svo sem sagt var. Verður nefnt samkomulag ekki talið bindandi fyrir aðaláfrýjendur. Hefur þetta leitt til þess, að fram hefur farið undirmat og yfirmat dómkvaddra manna á því, hvar ábúanda Mógilsár sé þörf á hliðum á girðingunni. Svo hafa og dómendur Hæstaréttar farið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Þykir samkvæmt skoðun á aðstæðum, hagsmunum málsaðilja, sem í húfi eru, svo og með hliðsjón af matsgerðum rétt að kveða svo á, að heimild gagnáfrýjanda til að afgirða veginn sé því skilyrði bundin, að hann setji tvö hlið þriggja metra

breið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliðinu við þjóðveginn, og önnur tvö hlið, einnig þriggja metra breið, sem standist á, 150 metra frá aðalhliði við þjóðveg, enda hafa aðaláfrýjendur ekki gert kröfu um hlið ofar á veginum.

Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu málsins ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 600,00 til dómenda í héraði og kr. 2.000,00 til gagnáfrýjanda.

Dómsorð :

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, er einkaeigandi að vegarmannvirki því, sem liggur af þjóðvegi og að leigulandi hans og sumarbústað í landi jarðarinnar Mógilsár, og er honum heimilt að afgirða veginn, þannig að girðingin sé úr sléttum vír og standi einn metra frá vegarjaðri og þrjá metra frá vegarmiðju, þar sem skurðir eru ekki fram með vegi, en einn metra frá ytri brún vegarskurða, þar sem skurðir eru fram með vegi, enda setji gagnáfrýjandi á girðinguna tvö hlið þriggja metra breið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliðinu við þjóðveginn og önnur tvö hlið þriggja metra breið, sem standist á, 150 metra frá aðalhliði við þjóðveginn og bæti aðaláfrýjendum, þeim dánarbúi Guðfinnu Finnsdóttur, Jóni Erlendssyni, Guðrúnu Erlendsdóttur og Unni Erlendsdóttur, þau spjöll á landsnytjum, sem girðingin kann að hafa í för með sér, eftir mati, ef aðiljar verða ekki ásáttir.

Aðaláfrýjendur greiði ferðakostnað og dagpeninga héraðsdómenda, kr. 600,00. Svo greiði þeir gagnáfrýjanda kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

28. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnum, út gefnum 18. og 23. maí sl., af Aroni Guðbrandssyni, forstjóra í Reykjavík, á hendur ábúendum og eigendum jarðarinnar Mógilsár á Kjalarnesi, þeim Guðfinnu Finnsdóttur, Mógilsá, Jóni Erlendssyni, bónda á Mógilsá, Guðrúnu Erlendsdóttur, Hverfisgötu 102, og Unni Erlendsdóttur, Laugavegi 126, báðum í Reykjavík, og gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur í málinu:

1. að viðurkennt verði með dómi réttarins, að vegurinn, sem liggur frá Þjóðveginum að sumarbústað hans í landi jarðarinnar Mógilsár, sé einkaeign hans og vegurinn megi vera áfram á þeim stað, sem hann er nú;
2. að eigendum og ábúendum jarðarinnar Mógilsár sé *aðallega* dæmd óheimil öll umferð og afnot af nefndum vegi hans, en *til vara*, að þeim sé aðeins heimilt að fara með jarðræktartæki eftir veginum, þegar rækta á land, sem að honum liggur og eigi verði öðruvísi að komizt, enda séu þau afnot honum algerlega бага- og skaðlaus;
3. að honum verði dæmt heimilt að girða nefndan veg af og bifreiðastæði við efri vegarendann upp við sumarbústaðinn með gaddavír, ef hann óskar, enda setji hann hlið á þá girðingu, þar sem ábúandi hefur nú sett brýr yfir vegarskurðina, eða á öðrum stað, sem dómkvaddir menn ákveða, þannig, að komizt verði að landinu sunnan vegarins, enda skulu stefndu sjá um, að hliðin séu ávallt lokuð eftir notkun;
4. að honum verði dæmt heimilt að loka veginum, þegar honum sýnist, ótalið af stefndu;
5. að stefndu verði dæmt óheimilt að gera nokkuð það, sem valdið geti skemmdum á nefndum vegi eða torveldað umferð um hann;
6. að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu.

Meðan á málssókn þessari stóð, lézt Guðfinna Finnsdóttir, og kom þá dánarbúið í hennar stað.

Af hálfu hinna stefndu hafa verið bornar fram í málinu þessar kröfur:

1. að stefnanda verði aðeins dæmdur umferðarréttur um veg þann, sem nú liggur um tún Mógilsár frá Þjóðveginum að leigulandi hans;
2. að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað í máli þessu skv. reikningi eða að mati réttarins.

Að öðru leyti er mótmælt kröfum stefnanda.

Sáttaumleitanir í málinu urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, leigir Erlendur Jónsson,

páverandi bóndi á Mógilsá, Aroni Guðbrandssyni, stefnanda þessa máls, blett úr landi jarðar sinnar, Mógilsár í Kollafirði, til 50 ára, og eru stærðin og mörk nánar tiltekin í samningnum. Leiguupphæð kr. 100,00 á ári.

Leigutaka skyldi heimilt að rækta landið svo og byggja á því íbúðarhús, taka neyzluvatn til hússins úr Hvítá, sem rennur þarna fram hjá, og leiða í hana frárennsli frá húsinu svo og girða hið leigða land af. Enn fremur er leigutaka heimilað að taka byggingarefni til hússins úr tveimur grjótholtum, sem þarna eru, eða annars staðar eftir tilvísun leigusala, endurgjaldslaust. Þá er leigutaka heimiluð umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðveginn eftir bökkum Hvítár svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands.

Leigusamningur þessi er undirritaður af meðstefnda Jóni Er-
lendssyni, f. h. Erlends Jónssonar, sem var faðir hans.

Vorið 1941 hóf stefnandi framkvæmd þarna með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi. Þar sem vegur þessi kemur á þjóðveginn, var áður girðing, og þar var sett hlið, sem stefnandi hafði lás fyrir og læsti, þegar hann var ekki í sumar-
bústaðnum, en lét jafnframt ábúandanum í té lykil að lásnum, svo að hann gæti farið þar um, þegar hann þyrfti þess með.

Vegur þessi var eigi lagður eftir bökkum Hvítár, eins og leigu-
samningurinn gerir ráð fyrir, heldur tekinn beint frá þjóðvegin-
um í grjótholt, sem er þarna mjög skammt frá, og liggur síðan eftir
holtinu. Breyting þessi á vegarstæðinu virðist gerð með samþykki
leigusala eða að minnsta kosti veitt þegjandi samþykki eftir á, og
var í máli þessu ekki lengur ágreiningur um, að vegurinn yrði
áfram á sama stað.

Skal þá vikið nánar að kröfum stefnanda, eins og þær eru settar
fram í stefnunni, og um þær fjallað samkv. álitu meiri hluta dóms
þessa, Kristins Ólafssonar og Guðmanns Magnússonar, en Sigurður
Jónsson skilaði sératkvæði.

1. Aðalágreiningur máls þessa snýst um það, hvort vegurinn frá
þjóðveginum heim að sumarbústaðnum skuli teljast einkaeign stefn-
anda eða ekki.

Það virðist nægilega upplýst og sannað í málinu, að vegur þessi
hefur verið lagður og kostaður að öllu leyti af stefnanda. Að vísu
hefur efni til vegarins að miklu leyti verið tekið úr landi Mógilsár,
en ekki verður séð, að það hefði átt að reiknast sem tillög til vegar-
gerðarinnar, og því síður, að nokkur ástæða gæti verið fyrir jarð-
eigandann að taka á sig kostnað vegna vegarlagningar þessarar, enda
kemur hvergi fram, að stefnandi hafi nokkurn tíma til þess ætlazt,
heldur þvert á móti. Vegur þessi er eingöngu gerður vegna sumar-
bústaðarins, afleggjari frá þjóðvegi til afnota fyrir eitt einasta hús.
Að vísu gátu verið þægindi fyrir ábúanda Mógilsár að nota heldur
vegin en fara aðra leið, en fyrir því var líka séð með því, að hann
hafði jafnan aðgang að hliðinu við þjóðveginn og brýr voru gerðar

við veginn, svo að þar var hægt að fara yfir eða komast á veginn með ökutæki.

Dómurinn fellst á, að stefnandinn megi hafa veginn áfram á umræddum stað, enda er því ekki mótmælt af hálfu hinna stefndu. Enn fremur álitur meiri hluti dómsins, að þar sem vegargerðin er framkvæmd af stefnanda og algerlega á hans kostnað, verði að telja, að mannvirkid, sem hann hefur þannig gert, sé hans eign (ítaks-mannvirki).

Um 2. og 4. lið í stefnukröfu, afnot og umferð eigenda og ábúenda Mógilsár af veginum, hefur áður verið dæmt, og ber því að vísa þessum atriðum frá dómi.

3. liður. Kemur þá til álita krafa stefnanda að girða af veginn og bifreiðastæðið.

Með því að girða við veginn og hafa hann innan stórgripagirðingar svo og setja hlið yfir veginn, eins og ábúandi Mógilsár hefur gert, er ljóst, að stefnanda nýtist ekki vegurinn sem skyldi og þannig eru lagðar óeðlilegar tálmanir fyrir umferðina, að ekki verður talið viðunandi. Hins vegar verður ekki séð, að eigendum né ábúendum Mógilsár sé neinn bagi eða tjón að því, þó að vegurinn sé girtur af.

Meiri hluti dómsins telur því, að leyfa beri stefnanda að girða veginn af með sléttum vír, þannig að á þeim stöðum, sem fyrrgreindar brýr voru settar við veginn, til að yfir hann verði komizt, og á gripagirðingu verði hlið á girðingunni, ef þurfa þykir að dómi dómkvaddra manna, svo að þar verði komizt yfir veginn með sama hætti og verið hefur.

Um breidd vegarins, sem þannig heimilast að girða af, telur dómurinn hæfilegt, að girðingin sé sett í innri brún skurðarins, sem er við veginn, og tilsvareandi breidd annars staðar.

Meiri hluti dómsins vill taka fram, að ekki verði fallizt á, að ákvæði girðinga- og vegalaga taki til slíkra afleggjara og einkavegar eins og hér um ræðir.

5. liður. Að stefndu verði dæmt óheimilt að gera nokkuð, sem valdið geti skemmdum eða hindrað umferð um veginn, eru atriði, sem segir sig sjálft, að ekki sé leyfilegt að gera, og er ekki dómhæft.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að leggja á stefndu greiðslu málskostnaðar, er sundurliðast þannig:

1. málskostnaðargreiðsla til stefnanda	kr. 1.200,00
2. ferðakostnaður dómenda og dagpeningar	— 600,00

Samtals kr. 1.800,00

Því dæmist rétt vera:

Framangreindum kröfuliðum í stefnu nr. 2, 4 og 5 vísast frá dómi.

Vegur sá, sem liggur frá sumarbústað stefnanda, Arons Guð-

brandssonar, og niður á þjóðveginn, er hans eign (mannvirkið) og heimilt að hafa hann áfram á sama stað.

Þá skal stefnanda heimilað að girða veginn af, þannig, að girðingin fylgi innri skurðbrún, og tilsvareandi breidd, þar sem skurðinum sleppir, enda skulu haldast áfram brýr, sem settar voru við veginn, og koma þar hlið á girðingunni, svo að komið verði þar með ökutæki, einnig á gripagirðingunni, ef þurfa þykir að álitu dómkvaddra manna.

Þá greiði stefndu málskostnað, kr. 1.800,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum og innan 15 daga frá birtingu, að því er um málskostnað.

Sératkvæði samdómandans Sigurðar Jónssonar.

Ég get hvorki fallið á, að stefnanda, Aroni Guðbrandssyni, sé til-dæmdur eignarréttur á vegi þeim, er um ræðir í máli þessu, né heldur, að honum sé heimilað að girða veginn af eftir skurðbrún.

Fyrir þessu atkvæði mínu færi ég þessi rök:

1. Vegarstæðið allt er utan þess leigulands, er stefnandi fékk á sínum tíma út mælt úr Mógilsárlandi til að reisa sumarbústað á. Núverandi vegarstæði er hvergi nefnt í leigusamningnum, heldur aðeins getið um umferðarrétt stefnanda (leigutaka) á bökkum Hvítár frá þjóðvegi að sumarbústaðnum.

Ég lít svo á, að þar sem vegarspotti sá, er hér um ræðir, á ekki heima í neinum þeim flokki vega, er um getur í 1. gr. vegalaga, þá „eigi“ í raun og veru sá slíka vegi, er vegarstæðið á og aðliggjandi land, og hljóti því að verða nokkurs konar „fylgifé“ hlutaðeigandi jarðar, nema sérstakir samningar liggi fyrir um annað milli þess, er veg leggur í sínar einkaþarfir til bráðabirgða, og landeiganda.

Nú hefur það af hvorugra hálfu komið fram í máli þessu, að sérstakur samningur um eignarafsal Mógilsáreigenda í hendur stefnanda á vegarstæði þessu hafi verið gerður.

Að framansögðu athuguðu tel ég mér ekki fært að verða við aðal-kröfu stefnanda um að dæma honum veg þennan sem einkaeign.

2. Þá er komið að umferðarrétti stefnanda, sem um getur í leigusamningi. Það má fullvíst telja, að leið sú, er stefnandi hefur valið til vegarlagningar yfir mýrina, og hinn ruddi vegarkafli um holtið og melinn hafi verið samþykkt á sínum tíma af Erlendi sál. Jónssyni sem ábúanda og eiganda Mógilsár. Hafa þeir, stefnandi í þessu máli og landeigendur, notað veginn að einhverju leyti í sameiningu, svo sem hin sameiginlegu lykлавöld að hliðinu og brýrnar um veginn sanna.

Fyrir því lít ég svo á, að stefnandi, Aron Guðbrandsson, eigi að hafa óskoraðan umferðarrétt um veg þennan, meðan leigutíminn um sumarbústaðarland hans er í gildi.

Jafnframt því haldist réttur ábúenda og eigenda Mógilsár um afnot vegarins, svo sem verið hefur, án þess þó að þeim beri skylda

til að halda honum við, þar sem í flestum tilfellum má fremur telja veg þennan farartálma fyrir ábúendur við afnot aðliggjandi túns og beitolands, en er þó, eins og á stendur, óhjákvæmilegt að fara yfir veginn, ef nytja skal landið austan hans.

3. Ég get hvorki fallizt á, að stefnanda né stefndu sé heimilað að girða veginn af á skurðbrún. Það tel ég brot á fyrirmælum girðingalaga og vegalaga.

Fyrir því tel ég óheimilt fyrir núverandi ábúanda (og eiganda að nokkru leyti) Mógilsár að hafa gaddavírsgirðingu þá, sem nú er með nokkrum hluta vegar þessa, rétt við vegarbrún. Þá tel ég einnig óheimilt skv. fyrrgreindum lögum að hafa hliðið á veginum innan aðalgirðingarinnar með þeim umbúnaði, sem á því er. Ber því að fjarlægja hvort tveggja, girðingu og hlið, hið fyrsta. Hins vegar sé ég ekki, að það sé á valdi dómsins að banna stefndu að hólfa sundur tún og bithaga innan aðalgirðinga í nánd þessa vegar, en fara verður þar að sjálfsögðu eftir ákvæðum girðingalaga og/eða vegalaga um fjarlægð vírgirðinga frá vegum.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að dómsorðið eigi að hljóða svo:

Aðalkrafa stefnanda um eignarrétt á veginum verður ekki tekin til greina. Hins vegar veitist honum óskoraður umferðarréttur um téðan veg, meðan leigutími hans um sumarbústaðarlandið er í gildi. Umferðar- og afnotaréttur stefnda til vegarins skal haldast óbreyttur frá því, sem verið hefur.

Girðingu þá, sem nú liggur meðfram nokkrum hluta vegarins, og aukahlið það, sem er á veginum innan aðalgirðingarinnar, skal stefndu skylt að fjarlægja innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, er ákveðast kr. 50,00 á dag.